

**Frístundaúrræði fatlaðra ungmenna á framhaldsskólaaldri
Tillaga bæjar- og borgarfulltrúa Viðreisnar
Lagt fyrir ársfund SSH 12. nóvember 2021**

Í ljósi þeirrar einangrandi félagslegri stöðu sem mörg fötluð ungmenni á framhaldsskólaaldri eru í vegna fyrirkomulags á frístund eftir skóla leggja bæjarfulltrúar Viðreisnar á höfuðborgarsvæðinu til að SSH verði falið að skoða hvort annað fyrirkomulag en nú er gæti komið betur til móts við félagslegar þarfir fatlaðra ungmenna á framhaldsskólaaldri.

Fötluð ungmenni sem stunda nám á starfsbrautum framhaldsskólanna hafa ekki val um hvar þau sækja frístund til að mæta félagslegu þörfum eftir skóla. og sum hver heldur ekki um hvar þau sækja skóla.

Því er það svo að til að mynda einstaklingur sem stundar nám í Reykjavík en býr í öðru sveitarfélagi hefur ekki kost á að sækja frístund eftir skóla með vinum sínum heldur er vísað í þjónustu í sínu sveitarfélagi sem getur verið afar félagslega einangrandi vegna smæðar en ekki síður vegna þess að vinir viðkomandi tilheyra ekki endilega sama sveitarfélagi.

Það skiptir máli að við sem samfélag tryggjum sem best lífsgæði þessa hóps eins og annarra. Tækifæri fatlaðra ungmenna til félagslegra samskipta við jafnaldra og jafningja eftir skóla og um helgar er afar takmarkandi og oftar en ekki bundin við þau úrræði sem frístund er.

Því skiptir máli að frístund þessa hóps sé hugsuð þvert á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu en ekki í hverju sveitarfélagi fyrir sig til þess að mæta þeirra félagslegu þörfum og vinatengslum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi Garðabæ
Harpa Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi Garðabæ
Jón Ingi Hákonarson, bæjarfulltrúi Hafnarfirði
Theodóra S. Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi Kópavogi
Einar Þorvarðarson, bæjarfulltrúi Kópavogi
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi Reykjavík
Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Reykjavík
Valdimar Birgisson, bæjarfulltrúi Mosfellsbæ
Karl Pétur Jónsson, bæjarfulltrúi Seltjarnarnesi